

Ár 1975, þriðjudaginn 4. mars, var í málinu nr. 4/1974 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

Ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að jörðin Þingeyrar í Sveinastaðahreppi, Austur-Húnavatnssýslu, er í eigu frú Rannveigar Ingimundardóttur, Viðmel 66 í Reykjavík, en ábúandi jarðarinnar er annar.

Með ákvörðun hreppsnefndar Sveinastaðahrepps, var eiganda Þingeyra gert að greiða kr. 253.822,- í fasteignaskatt fyrir árið 1974 af hlunnindum jarðarinnar. Fjárhæð skattsins er þannig fundin, að fasteignamat hlunnindsanna, sem í fasteignamati er kr. 3.890.000,- er hækkað um 45% á grundvelli auglýsingar fjármálaráðuneytisins nr. 360/1973 um breytingu á fasteignamati, en þar er nefnd hækkan heinlúð samkvæmt 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 3. gr. laga nr. 104/1973 um breytingu á þeim lögum, að því er tekur til notkunar fasteignamatsins samkvæmt þeim tiltöknu lögum. Fæst þannig fram viðmiðunarupphæð fasteignaskatts, sem er að fjárhæð kr. 5.640.500,-. Á þann gjaldstofn kveðst hreppsnefndin síðan hafa lagt $\frac{1}{2}$ % á grundvelli b-liða 2. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 og síðan 4 % samkvæmt heimildarákvæði 4. mgr. 3. gr. sömu laga.

Með brófi, dags. 7. nóvember 1974, kærði Hörður Einarsson, hestaréttarlögmannður, fyrir hönd eiganda Þingeyra ofangreinda skattlagningu til lækkunar. Í brófi þessu segir meðal annars:

„Í brófi hreppsnefndar Sveinastaðahrepps til mín undirritaðs dags. 25. okt. s.l. kemur fram, að hreppsnefndin hefur í einu lagt skatt á hlunnindi jarðarinnar skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 (sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 320/1972) og skv. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 (sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 320/1972). Þessa skattlagningaráðferð tel ég algjörlega löglaus. Hlunnindaskattur uttan sveitarmanna skv. 4. mgr. 3. gr. nefndra laga er sérstakur skattur, sem leggja ber sérstaklega á eiganda fasteignar, ef hann verður talinn lögmætur á annað borð, en ekki með hinum almenna fasteignaskatti.

Í öðru lagi er því svo mótmelt, að heimilt sé að leggja á umbj. m. hlunnindaskatt af öðrum hlunnindum en þeim, sem hann hefur í afnotum sínum, sbr. 5. gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 320/1972. Þau hlunnindi jarðarinnar Þingeyra, sem umbj. m. hefur not af, eru stangveiðihlunnindi og rekahlunnindi að hálfu. Að öðru leyti eru hlunnindin í afnotum ábúanda. Þer því að lækka skattlagningu á umbj. m. skv. 4. gr. 3. gr. laga nr. 8/1972 hlutfallslega af þessum sökum, en leggja hinn almenna fasteignaskatt á ábúanda jarðarinnar, þ.á.m. vegna þeirra hlunninda, sem í hans afnotum eru, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 8/1972.

Fallið er frá þeim mótum, sem í kærubréfi mínu til hreyfingar Sveinsstaðahrepps dags. 1. okt. sl. byggðust á upphæf fasteignamats hlunnindanna."

Til grundvallar fasteignamatsverði á hlunnindum jarðar-
innar Þingeyra er lagt verðmæti veisiréttinda, sem ráðstafað er
af Veisifélagi Víðidalssár og Veisifélagi Vatnadalssár, og svo
hlunninda af sölveisi. Ágreiningslaust er, að eigandi Þingeyra
fór með þessu réttindi og hirti arð af þeim árið 1973. Þor
eigandi því samkvæmt reglugerð 2. mgr. 4. gr. laga nr. 9/1972
og 2. mgr. 9. gr. reglug. nr. 320/1972 að greiða fasteignaskatt
þann, sem á hlunnindin er lagður árið 1974.

Orðalag 4. mgr. 3. gr. laga nr. 9/1972 er svo fortakalaust,
að ekki þykir verða hjá því komist að líta svo á, að þar sé
heimilað að leggja 4 % fasteignaskatt á hlunnindi í eigu utan-
sveitarmanna til viðbótar fasteignaskatti samkvæmt 2. og 3. mgr.
sömu greinar, sem lagður er á fasteign í heild, þar á meðal
hlunnindi hennar, ef því er að skipta.

Í samræmi við það, sem að framan hefur verið rakið, verður
að telja umrædda álagningu fasteignaskatts rúmast innan laga-
heimildar sveitarstjórnar samkvæmt lögum nr. 9/1972 og reglug.
nr. 320/1972, en ekki er á valdsviði Yfirfasteignamatanefndar að
skora úr stjórnskipulegu gildi umræddra lagnaákvæða um sérstakan
fasteignaskatt á hlunnindi í eigu utanveitarmanna.

Þ R S K U R Ð A R Ð R Ð :

Framangreind kára er ekki tekin til greina.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgóirsson

Pállmi Jónsson